

Sp. 25. Tillaga til þingsályktunar [25. mál]

um afnám vínveitinga á kostnað ríkisins.

Flm.: Skúli Guðmundsson, Pétur Ottesen, Sigfús Sigurhjartarson, Páll Þorsteinsson,
Hannibal Valdimarsson, Halldór Ásgrímsson.

Alþingi ályktar, að áfengir drykkir skuli ekki veittir á kostnað ríkisins eða ríkisstofnana.

Greinargerð.

Á tveim síðustu þingum hafa verið bornar fram tillögur um þetta efni, en í hvorugt skiptið hlotið fullnaðarafgreiðslu, og er því málið enn upp tekið.